

Fundargerð

15. fundur rekstarstjórnar félagsheimilanna í Flóahrepp

Fundarstaður:	Félagslundur
Fundardagur:	Þriðjudagur 13 október 2015
Fundartími:	20:30 – 22:45
Fundarstjóri:	Stefán Geirsson
Ritari fundar:	Rósa Matthíasdóttir
Fundarmenn:	Stefán Geirsson formaður Rósa Matthíasdóttir Anný Ingimarsdóttir Kristín Ólafsdóttir Elín Bjarnveig Sveinsdóttir Ingibjörg Einarsdóttir Rúnar Magnússon

Dagskrá fundar:

- Umræður vegna fjárhagsáætlunargerðar 2016.
- Viðhaldsverkefni félagsheimilanna.
- Verkefni rekstarstjórnar.
- Tónahátíð- næstu viðburðir
- Önnur mál.

Umræður vegna fjárhagsáætlunargerðar 2016 ásamt viðhaldsverkefni félagsheimilanna.

Kristín Ólafsdóttir húsverður í Félagslundu. Fór aðeins yfir hvað þyrfti að gera varðandi eignina. Nefndi hún meðal annars að huga þyrfti að húsinu - utanhús. Þússa og lakka parket væri líka brýnt verkefni. Ýmislegt annað var tekið til og nefnt en búið er að skrá það nánar í eftirlitsskýrslu. **Rúnar Magnússon**, umsjónarmaður fasteigna í Flóahrepp, sagði einnig að hann hafi fengið eftirlitmann frá Tæknisviði Uppsveita, til að skoða húsið með sér. Umræða var líka um að fá garðyrkjumann til að viðhalda gróðri umhverfis félagsheimilin.

Ingibjörg Einarsdóttir húsverður í Þingborg fór yfir það sem þyrfti að gera þar. Nefndi hún að brýnasta verkefnið væri að laga þyrfti þakið, lokur vegna heitu pottanna og ábendingar frá Heilbrigðiseftirlitinu varðandi fjölgum á vöskum í eldhúsið en reglugerðin gerir ráð fyrir 5 mismunandi vöskum í eldhúsið. Heilbrigðiseftirlitið gerði líka athugasemd við áklæðin á dýnunum, sem þyrfti að huga að. Slípa og lagfæra borð í sal og ýmislegt annað smálegt. Umræða varð síðan um að setja upp hlandskálaskynjara þar sem brýn þörf er á að setja það á salerni Þingborgar, enda um litla fjármuni að ræða.

Rúnar Magnússon umsjónarmaður fasteigna í Flóahrepp fór nokkrum orðum um Þjósáver og hvað þyrfti að gera. Nefndi hann m.a. hinn hluta þaksins og utanhúsklæðingu einnig þyrfti að skipta út nokkrum gluggum. Stefán fór yfir fund sem hann átti með

forsvarsmönnum Zone Félagsmiðstöðvarinnar sem staðsett er í Þjórsáver. En það erindi er komið til sveitastjórnar.

Verkefni rekstarstjórnar.

Á 6. fundi rekstarstjórnar þann 24 febrúar óskaði rekstarstjórn eftir að , einfalda aðgengið að nánari upplýsingum um sali hreppsins, á heimasíðunni, þannig að það myndi auka útleigu þeirra. Óskar rekstarstjórn eftir viðeigandi úrlausn svo að hægt sé að hrinda verkinu í framkvæmd.

Sjá hér bókun úr fundargerð:

„ Salir:

Rætt var mikið um útleigu og hvernig væri best að markaðssetja salinna, þ.e.a.s. Þingborg og Félagslund. Voru ýmis tilboð skoðuð- en hagkvæmasta tilboðið kom frá MBL sem er eigandi finna.is, Gular sidur.is, og brudurinn.is, að auglýsa hjá þeim salina í heilt ár fyrir kr. 79.900.

Til þess að geta leigt salina í netheimum þarf aðgengið að sölunum á heimasíðu hreppsins að vera miklu viðskiptavænna en það er í dag – þar sem salirnir eru á einum stað og verðið á öðrum og aðgengið að sölunum engan vegin viðskiptavænt fyrir væntanlega kaupendur.

Til þess að geta verið með leitarvélabestun á salina (það þýðir að þegar fólk slær inn leitarorði á t.d. Google – salir, salir til leigu, fermingarsalir, íþróttasalir , þá skipti miklu máli að vera ofarlega í goggunarröðinni á leitarvélunum) á heimasíðunni þarf að taka til og uppfæra heimasíðuna. Fengið var verð í það verkefni og væri það á bilinu 180.000-200.000 kr. að uppfæra allann Flóahrepps vefinn í glæsilegt útlit og laga uppsetningu á efni síðunnar. Til þess að hægt sé að leigja út salina er nauðsynlegt að uppfæra heimasíðuna. „

Tónahátíð- næstu viðburðir.

Farið yfir viðburðinn sem var haldin 10 október sl. með Hundi í óskilum. En nefndarmenn eru mjög ánægðir með mætingu og hversu vel hátíðin tókst til.

Önnur mál.

Umræða var um verð á útleigu salanna – verður það tekið fyrir seinna, en fundarmenn ætla að kynna sér málin nánar.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið klukkan 22:45